



Snjóflóðasetur Flateyrar

Á 1119. fundi bæjarráðs, þann 31. ágúst 2020, var lagt fram erindi Eyþórs Jóvinssonar, f.h. hóps sem vinnur að fræðslusetri og sýningu um snjóflóðasögu Flateyrar, dags. 27. ágúst 2020, þar sem óskað er eftir afnotum af Svarta Pakkhúsinu á Flateyri undir Snjóflóðasetur Flateyrar.

Bókað var að bæjarráð tæki jákvætt í erindið og fól bæjarstjóra að óska eftir umsögn frá atvinnu- og menningarmálanefnd, hverfisráði Önundarfjarðar og vekja athygli á málinu á Facebook-síðunni Flateyri og Flateyringar.

Atvinnu- og menningarmálanefnd fundaði vegna málsins þann 17. september 2020. Bókun nefndarinnar er eftirfarandi: „*Atvinnu- og menningarmálanefnd telur verkefnið um Snjóflóðasetur á Flateyri áhugavert. Verið er að skoða framtíðarsýn Svarta pakkhússins og framtíðarnotkun þess, og telur sig því ekki geta úthlutað húsinu að svo stöddu.*

Umsögn þessari vísað til bæjarráðs.“

Óskað var eftir umsögn frá hverfisráði Önundarfjarðar, dags. 31. ágúst 2020. Eftirfarandi umsögn barst þann 10. september 2020: „*Við hjá Hverfaráði Önundarfjarðar lýst ljómandi vel á þessa hugmynd hjá Eyþóri og hlökkum til að sjá hana vaxa og dafna. En við viljum ekki taka afstöðu hver á að vera í húsinu við treystum því að Bærinn leysi það með viðkomandi.*“

Engar athugasemdir komu á Facebook-síðuna Flateyri og Flateyringar.

Ein athugasemd barst í kjölfar 1119. fundar bæjarráðs vegna málsins. Kom hún frá félaginu Hús og fólk ehf. og fékk það erindi málsnr. 2020090034. Voru gögn vegna þess lögð fram á 1120. fundi bæjarráðs þann 14. september 2020, og var málinu vísað til atvinnu- og menningarmálanefndar. Í málsgögnum kom fram að félagið Hús og fólk ehf. hefði verið með sýningu í Svarta pakkhúsinu á Flateyri, allt þar til húsið var tekið til endurnýjunar. Var frumkvæði að endurnýjun hússins á höndum forsvaraðila Hús og fólks ehf. Gerði félagið ráð fyrir að geta hafið sýningu aftur eftir endurnýjun.

Málið var tekið fyrir í atvinnu- og menningarmálanefnd þann 17. september 2020 og var bókað svo: „*Atvinnu- og menningarmálanefnd felur starfsmanni að óska frekari upplýsinga um sýningu Húsa og fólks, þ.e. framtíðaráform félagsins um notkun hússins, og leggja aftur fyrir nefndina.*“